

Nefndasvið Alþingis

Sent í tölvupósti: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 19. apríl 2017

Efni: Umsögn Landverndar, Þórunnartúni 6, Reykjavík um þingmál nr. 193.

Menntamálanefnd Alþingis hefur leitað umsagna um ofangreint frumvarp. Stjórn Landverndar telur sér rétt og skylt að gera athugasemdir við þingsályktunartillöguna og tillögur til breytinga á henni, um leið og hún fagnar tillögunni.

Stjórn Landverndar bendir á að með auglýsingu nr. 534/2007 í B-deild Stjórnartíðinda hinn 10. maí 2007 lýsti umhverfisstofnun yfir friðlýsingu jarðarinnar Hrauns í Öxnadal. Jörðin er friðlýst sem fólkvangur. Sérstök umsjónarnefnd fer með málefni fólkvangsins og er formaður hennar fulltrúi Umhverfisstofnunar. Aðrir í nefndinni eru fulltrúi eiganda og fulltrúi Hörgársveitar. Tilgangur friðlýsingarinnar er skv. framangreindri auglýsingu að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Verndargildi svæðisins byggir á því að landslag og náttúrufar, sérstaklega jarðmyndanir, eru mjög fjölbreytt og eru þar m.a. mikilvægar minjar um horfna búskaparhætti, eins og segir í auglýsingunni. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að auðvelda umgengni og kynni af menningarminjum og bókmenntaarfi þjóðarinnar, en þar fæddist skáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson. Nær friðlýsingin til alls lands jarðarinnar (2.286 hektarar) þar með talin Vatnsdalur, Hraunsvatn og Hraundrangir, en að undanskildu heimalandi hennar, um 77 hektara spildu. Jörðin er í eigu einkahlutafélagsins Hrauns í Öxnadal, en eigandi meirihluta hlutafjár er sveitarfélagið Hörgársveit. Um tíu hektara spilda úr landi jarðarinnar er þó í eigu Íslandsbanka.

Því miður hafa mál skipast svo eins og lýst er í greinargerð með þingmálinu, að ekki hafa verið efnahagslegar forsendur hjá eigendum jarðarinnar til að halda úti neins konar starfsemi í anda markmiða friðlýsingarinnar og ekki einu sinni til uppbyggingar eða viðhalds mannvirkja við sjálfan bæinn. Engar aðgerðir hafa verið af hálfu umsjónarnefndarinnar og ekki er t.a.m. gert ráð fyrir bílastæðum svo nokkru nemi fyrir göngumenn. Ekki er að finna neinar upplýsingar á svæðinu, en fyrir 10 árum var gefið út göngukort af því sem ófáanlegt með öllu.

Stjórn Landverndar fagnar þingsályktuninni, enda telur stjórnin að framgangur hennar geti orðið til þess að auka veg náttúruverndar í Hrauni, hvort sem er innan eða utan núverandi marka friðlýsts svæðis, og til þess að heiðra minningu Jónasar sem þjóðskálds og náttúrufræðings. Stjórn Landverndar telur hinsvegar eðlilegt að í greinargerð með

Þingsályktuninni, verði hún samþykkt, komi fram að jörðin Hraun sé friðlýst, enda verður framtíðarstarfsemi að Hrauni ekki skilin frá fólkvanginum.

Stjórn Landverndar gerir í samræmi við ofangreint að tillögu sinni að tillagan verði umorðuð og hljóði svo:

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra og umhverfisráðherra í sameiningu að stuðla að uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins og náttúrufræðingsins Jónasar Hallgrímssonar og efla bókmennta- og náttúruverndarstarf í Hrauni. Ráðuneytin leiti í því skyni eftir samstarfi við eiganda jarðarinnar að Hrauni og umsjónarnefndar fólkvangsins í Hrauni um fjármögnun og framkvæmd uppbyggingarinnar svo og um framtíðarskipulag starfsemi til heiðurs Jónasi. Nánari útfærsla verði í höndum ráðherra beggja ráðuneyta, sem kynni Alþingi áætlun í þessa veru á haustþingi 2017.

Loks telur Landvernd afdráttarlaust að óska hefði átt umsagna náttúruverndaryfirvalda um þingmálið, þ.e. Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefndar þeirrar er starfar á svæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 60/2013, Minjaverndar og Náttúrufræðistofnunar Íslands, svo helstu aðilar er tengjast náttúruvernd á hinu verndaða svæði séu nefndir.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Landverndar

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
framkvæmdastjóri.